

Ed.

706. Nefndarálit

[18. mál]

um frv. til 1. um breyt. á 1. um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, með áorðnum breytingum.

Frá minni hl. kosningalaganeftndar.

Endurskoðun laga um kosningar til Alþingis hefur staðið yfir frá árinu 1982. Þessi endurskoðun var vel á veg komin þegar Samtök um kvennalista hlutu aðild að henni og niðurstöður hennar byggðust á samkomulagi þáverandi þingflokk. Þær niðurstöður liggja nú fyrir í þessu frumvarpi og þótt frumvarpið feli vissulega í sér réttarbót frá því sem nú er ber það þess merki að þar er reynt að sætta ósamrýmanleg sjónarmið. Ákvæði þess eru flóknari en nauðsyn krefur og sum hver rökstudd á pólitískum forsendum samkomulagsaðilanna, svo sem 7%-reglan í 2. áfanga við úthlutun jöfnunarþingsæta sem gerir litlum framboðsaðilum erfiðara fyrir en stórum. Undir slíkar forsendur getur minni hl. kosningalaganeftndar ekki tekið og mælir því ekki með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 26. febr. 1987.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.